

## Eiríkur Rögnvaldsson

Mikið er það sorglegt að refir skuli ekki geta klifrað í trjám

Í þessari grein segir frá því hvernig *Dýrin í Hálsaskógi* hafa varpað nýju ljósi á gamalt vandamál. Þar er um að ræða þá sérstæðu íslensku setningagerð þegar atviksorð er skilið frá lýsingarorði sem það ákvarðar, í setningum á við (1):

- (1) Óvenjulega held ég að hún sé gáfuð.

Þessi setning er tekin úr doktorsritgerð Annie Zaenen (1980:183), en þar er hún reyndar stjörnumerkt og fullyrt án frekari rökstuðnings eða tilvísana að hún sé "ungrammatical". Í kandiðatsritgerð minni (1990:58) var því hins vegar haldið fram að þessi setning og aðrar hliðstæðar væru "nokkurn veginn í lagi". Ég er enn á þeirri skoðun, og oft er hægt að sleppa "nokkurn veginn"; margar slíkar setningar eru nefnilega í ágætu lagi, eins og þessar t.d.

- (2) a. Ferlega er hann leiðinlegur.  
b. Skelfilega er ljótt að sjá þetta.  
c. Rosalega hefur hann verið feitur!  
d. Æðislega varstu sætur að gera þetta.

Í áðurnefndri ritgerð bætti ég þó við: "En ekki eru allar slíkar setningar jafn góðar, og virðist merking atviksorðanna (þ.e. hve sterk hún er) og e.t.v. einnig lengd þeirra skipta máli [...]." Þessu til sannindamerkis tilfærði ég setninguna í (3):

- (3) ?\*Mjög held ég að hún sé gáfuð.

Þessu mati held ég að flestir séu sammála, og lesendur geta prófað að setja *mjög* í staðinn fyrir atviksorðin í upphafi setninganna í (2) og sjá hvernig niðurstaðan verður. Ég er illa svikinn ef mönnum finnst einhver þeirra setninga tæk.

Málið er þó snúnara en þetta, eins og ég áttaði mig á um daginn þegar ég var einu sinni sem oftast að hlusta á *Dýrin í Hálsaskógi* - leikrit Thorbjörns Egner í þýðingu Huldu Valtýsdóttur. Þegar Lilli klifurmús hefur sloppið naumlega undan Mikka ref með því að stökkva upp í næsta tré byrjar hann strax að hæða rebba og segir:

- (4) Mikið er það sorglegt að refir skuli ekki geta klifrað í trjám.

Nokkru síðar í leikritinu fer Lilli ásamt Marteini skógarmús að ræða lagasetningu við Bangsapabba. Þegar Bangsamamma ber fyrir þá hunangskökur eins og góðri húsmóður sæmir segir Lilli:

- (5) Mikið held ég að þær séu góðar!

Hér virðist sama setningagerð vera á ferðum; atviksorð fremst í setningu, en ákvarðar lýsingarorð sem stendur síðar í setningunni. En þetta atviksorð er hvorki langt né sterkt að merkingu, og svipar að því leyti til *mjög*, enda orðin skýrð hvort með öðru í *Orðabók Menningarsjóðs*. Það mætti því búast við að (4) og (5) væru ótækar setningar, en það er öðru nær; þær eru fullkomlega eðlilegar. Því er ljóst að eitthvað fleira en lengd og merkingarstyrkur skiptir máli um þessa setningagerð. Varla er trúlegt að þessar setningar sýni einhverja sérstaka

mállýsku í Hálsaskógi, og ekki er heldur sennilegt að um áhrif frá norska frumtextanum sé að ræða.<sup>1</sup>

Þetta er þó ekki það eina sem hér er forvitnilegt. Við nánari umhugsun áttaði ég mig á því að enda þótt mér fyndust (4) og (5) góðar og gildar, sem og aðrar hliðstæðar setningar, þá gegnir öðru máli um setningarnar sem þær ættu að vera leiddar af, þ.e. (6) og (7):

(6) \*Það er mikið sorglegt að refir skuli ekki geta klifrað í trjám.

(7) \*Ég held að þær séu mikið góðar.

Nú veit ég vel að sumir Íslendingar geta notað *mikið* með lýsingarorðum, eins og í (6) og (7); en fyrir mér er það málleysa. Samt finnst mér (4) og (5) góðar setningar. Hverju sætir það?

Ein hugsanleg skýring er sú að þau tengsl sem ég hélt að væru milli setninga með atviksorð fremst eins og (1)-(2) og samsvarandi setninga með atviksorðið við hlið lýsingarorðsins séu ekki fyrir hendi; þetta séu tvær sjálfstæðar setningagerðir, hvorug leidd af annarri. Móti þessu mælir þó það að oftast nær eru báðar gerðirnar tækar, og merkingarmunurinn er enginn. Með því að gera ekki ráð fyrir tengslum milli setningagerðanna værum við "missing an obvious generalization", eins og það hét einu sinni.

Þess vegna finnst mér annar möguleiki mun fýsilegri; sem sé að skýringin liggi í orðasafninu, en ekki setningafræðinni. Ég á við að orðmyndirnar *mjög* og *mikið* tilheyri í raun sama lexemi, og standi í fyllidreifingu í þessari setningagerð, þannig að *mjög* komi fyrir við hlið lýsingarorðsins en þegar atviksorðið er fært fremst verði að nota myndina *mikið*. Það er auðvitað ljóst að nán tengsl eru milli þessara orðmynda. Merkingin er u.þ.b. sú sama, eins og áður er nefnt, en morfólógísk tengsl eru líka fyrir hendi, eins og glöggt kemur fram í stigbreytingu orðanna.

Þótt fyllidreifing orðmynda eftir setningarstöðu sé fjarri því að vera einsdæmi í tungumálum er hún vissulega óvenjuleg í íslensku; en þangað til þessi tilgáta hefur verið hrakin ætla ég að halda því fram að hún eigi við um úttnefndar setningar. En leyndardómar setningagerðarinnar hafa samt lítið skýrst.

## Ritaskrá

Egner, Thorbjørn. 1973. *Klatremus og de andre dyrene i Hakkebakkeskogen*. 9. útg. Grøndal og Søns Forlag, Oslo.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Um orðaröð og færslur í íslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Orðabók Menningarsjóðs = *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. Ritstjóri Árni Böðvarsson. 2. útgáfa. Menningarsjóður, Reykjavík, 1983.

Zaenen, Annie. 1980. *Extraction Rules in Icelandic*. Doktorsritgerð, Harvard University, Cambridge, Massachusetts.

---

<sup>1</sup> Ég fletti (4) reyndar upp í frumtextanum, og þar hljóðar hún svo (Egner 1973:15):

(i) Er det ikke veldig sørgelig at rever ikke kan klatre i trær.